

*Breytt bindiefni í klæðingar – úttekt klæðinga frá 2017. Gunnar Bjarnason, Vegagerðin og Pétur Pétursson, PP ráðgjöf – Júní 2018.*

Tilraunir með klæðingar með bikþeytum og breytt bindiefni í klæðingar hófust eftir nokkurt hlé árið 2013. Tilraunakaflar hafa verið teknir út árlega og eru til skýrslur um það á vef Vegagerðarinnar.

Í þeirri skýrslu sem hér birtist er sagt frá útlögn og úttektum á tilraunaköflum á Vesturlandi lögðum árið 2017. Fylgst var með útlögn eins og kostur var og kaflarnir síðan teknir út haustið 2017 og aftur að vori 2018. Í skýrslunni er einnig sagt frá úttektum valdra þjálbikskafila á Norðurlandi. Þá eru birtar niðurstöður prófana á steinefnum sem notuð voru í bikþeytulagnir 2017 og reyndust þær að mestu vera innan þeirra krafna sem gerðar eru til þeirra í Efnisgæðariti Vegagerðarinnar.

Í skýrslunni kemur fram að bikþeytukaflar á Vesturlandi voru lagðir í lok júlí árið 2017 við misjafnar aðstæður. Fram kemur að allmargar þeirra hafi mistekist og eru ónýtar eftir fyrsta veturinn, en aðrar hafa tekist betur. Ekki eru settar fram sérstakar tilgátur um ástæður þess að nokkrir kaflarnir urðu ónýtir. Líklega má þó rekja það til aðstæðna við útlögn, þar sem steinalos var nokkuð fyrir veturinn á sumum köflum. Einnig kemur fram, eins og oft áður, að harkalegt vetrarviðhald skemmir klæðingar.

Þjálbikskæðingar sem teknar voru út á Norðurlandi hafa flestar heppnast nokkuð vel. Enn er bent á skemmdir vegna snjóplóga.